

Dagskrárliður 8

Tillaga að laga og reglugerðarbreytingum

lagt fram á aðalfundi 16. apríl 2024.

Lög Einingar-löju

17. grein – Trúnaðarráð

Er núna:

Trúnaðarráð skal vera starfandi í félaginu. Í ráðinu eiga sæti 100 félagsmenn auk stjórnarmanna, varaformanns hversrar starfsgreinadeildar og varasvæðisfulltrúar. Trúnaðarráð er kjörið skv. 23. gr.

- a) Formaður félagsins skal vera formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess.
- b) Formaður kveður trúnaðarráð til funda með a.m.k. sólarhrings fyrirvara. Skylt er formanni að boða trúnaðarráð til fundar ef þriðjungur þess óskar og tilgreinir fundarefni. Trúnaðarráðsfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.
- c) Formaður getur í nafni félagsstjórnar kallað saman trúnaðarráð stjórninni til aðstoðar þegar félagsleg vandamál ber að höndum og ekki eru tök á að ná saman félagsfundi, og ræður einfaldur meirihluti úrslitum í slíkum málum.
- d) Trúnaðarráð kýs samninganefnd félagsins í samræmi við 19. gr. hér á eftir og ber ábyrgð á kjarasamningagerð þess. Einnig skal trúnaðarráð skipa formann kjörstjórnar, þegar við á skv. 18. gr.
- e) Trúnaðarráð tekur ákvörðun um myndun eða fækkun/fjölgun starfsgreinadeilda og hverjir séu í hverri deild.
- f) Trúnaðarráð tekur ákvörðun um myndun eða fækkun/fjölgun svæðisfulltrúa og hvar þeir skulu vera staðsettir.
- g) Trúnaðarráð leggur fram lista með fulltrúum á þing og ársfundi þeirra samtaka sem félagið er aðili að.
- h) Trúnaðarráð tekur til umræðu og afgreiðslu tillögur uppstillingarnefndar um stjórnarsæti og skilar þeim til kjörstjórnar félagsins.
- i) Trúnaðarráð leggur fram framboðslista, tilgreint skal með skýrum hætti til hvaða stjórnarsætis tillaga er gerð um mann eða menn.
- j) Trúnaðarráð skal leita eftir tilnefningum í samninganefnd svo tímanlega að ný samninganefnd geti hafið undirbúning að nýjum aðalkjarasamningi minnst fimm mánuðum áður en gildandi kjarasamningar renna út. Trúnaðarráð skipar í þau sæti sem eftir eru með tilliti til starfsgreina og/eða vinnustaða.
- k) Trúnaðarráð kýs fulltrúa á ársfund/þing ASÍ, AN og SGS.

Tillaga að breytingu:

Trúnaðarráð skal vera starfandi í félaginu. Í ráðinu eiga sæti 60 félagsmenn auk stjórnarmanna, og varasvæðisfulltrúar. Trúnaðarráð er kjörið skv. 23. gr.

- a) Formaður félagsins skal vera formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess.

- b) Formaður kveður trúnaðarráð til fundar með a.m.k. sólarhrings fyrirvara. Skyld er formanni að boða trúnaðarráð til fundar ef þriðjungur þess óskar og tilgreinir fundarefni. Trúnaðarráðsfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.
- c) Formaður getur í nafni félagsstjórnar kallað saman trúnaðarráð stjórninni til aðstoðar þegar félagsleg vandamál ber að höndum og ekki eru tók á að ná saman félagsfundi, og ræður einfaldur meirihluti úrslitum í slíkum málum.
- d) Trúnaðarráð kýs samninganefnd félagsins í samræmi við 19. gr. hér á eftir og ber ábyrgð á kjarasamningagerð þess. Einnig skal trúnaðarráð skipa formann kjörstjórnar, þegar við á skv. 18. gr.
- e) Trúnaðarráð tekur ákvörðun um myndun eða fækkun/fjölgun starfsgreinadeilda og hverjir séu í hverri deild.
- f) Trúnaðarráð tekur ákvörðun um myndun eða fækkun/fjölgun svæðisfulltrúa og hvar þeir skulu vera staðsettir.
- g) Trúnaðarráð leggur fram lista með fulltrúum á þing og ársfundi þeirra samtaka sem félagið er aðili að.
- h) Trúnaðarráð tekur til umræðu og afgreiðslu tillögur uppstillingarnefndar um stjórnarsæti og skilar þeim til kjörstjórnar félagsins.
- i) Trúnaðarráð leggur fram framboðslista, tilgreint skal með skýrum hætti til hvaða stjórnarsætis tillaga er gerð um mann eða menn.
- j) Trúnaðarráð skal leita eftir tilnefningum í samninganefnd svo tímanlega að ný samninganefnd geti hafið undirbúning að nýjum aðalkjarasamningi minnst fimm mánuðum áður en gildandi kjarasamningar renna út. Trúnaðarráð skipar í þau sæti sem eftir eru með tilliti til starfsgreina og/eða vinnustaða.
- k) Trúnaðarráð kýs fulltrúa á ársfund/þing ASÍ, AN og SGS.

24. grein - Uppstillingarnefnd

Er núna:

Í janúar ár hvert skal á fundi stjórnar kjósa uppstillingarnefnd fyrir félagið. Sjö félagsmenn skulu eiga sæti í nefndinni, þar af tveir búsettir utan Akureyrar. Nefndin fær tillögur frá starfsgreinadeildum um fólk í trúnaðarráð m.v. fjölda í hverri deild, þó að hámarki 93 manns, og skal það tryggt að tilnefningin sé í takt við skiptingu félagsmanna á starfssvæði félagsins. Uppstillingarnefndin hefur 7 sæti til að setja inn nöfn einstaklinga þegar henni finnst vanta tilnefningar eftir starfsgreinum eða svæðum.

Uppstillingarnefnd skilar tillögu sinni um lista til trúnaðarráðs að svo búnu til kjörstjórnar félagsins. Skal sá listi ætíð nefndur A-listi.

Uppstillingarnefnd gerir jafnframt tillögu til trúnaðarráðs um kosningu formanns, varaformanns, ritara og meðstjórnanda sem öll skulu kosin persónubundinni kosningu.

Tillaga að breytingu:

Í janúar ár hvert skal á fundi stjórnar kjósa uppstillingarnefnd fyrir félagið. Sjö félagsmenn skulu eiga sæti í nefndinni, þar af tveir búsettir utan Akureyrar. Nefndin fær tillögur frá starfsgreinadeildum um fólk í trúnaðarráð m.v. fjölda í hverri deild, 60 manns, og skal það tryggt að tilnefningin sé í takt við skiptingu félagsmanna á starfssvæði félagsins.

Uppstillingarnefnd skilar tillögu sinni um lista til trúnaðarráðs að svo búnu til kjörstjórnar félagsins. Skal sá listi ætíð nefndur A-listi.

Uppstillinganefnd gerir jafnframt tillögu til trúnaðarráðs um kosningu formanns, varaformanns, ritara og meðstjórnanda sem öll skulu kosin persónubundinni kosningu.

Byggingarsjóður Einingar-löju

2. grein:

Er núna:

Tilgangur sjóðsins er: Að standa straum af byggingakostnaði og rekstri húsnæðis fyrir aðalskrifstofur félagsins á Akureyri, fundahald, námskeið og aðra þá starfsemi, sem eðlilegt telst, að félagið hafi með höndum á hverjum tíma á Akureyri eða í næsta nágrenni.

Tillaga að breytingu:

Tilgangur sjóðsins er: Að standa straum af byggingakostnaði og rekstri húsnæðis fyrir skrifstofur félagsins, fundahald, námskeið og aðra starfsemi sem félagið stendur fyrir á hverjum tíma á félagssvæðinu.

3. grein:

Er núna:

Tekjur sjóðsins eru:

a) Húsaleigutekjur.

b) Hluti af framlagi félagssjóðs til bygginga- og hússjóða á vegum félagsins, sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Skal framlaginu skipt þannig, að í hlut hússjóða Dalvíkurbyggðar, Ólafsfjarðar, Hríseyjar og Grýtubakkahrepps komi sama hlutfall af heildarframlaginu og félagafjöldi þeirra er af heildarfélagatölu Einingar-löju, en það sem þá stendur eftir rennur til Byggingasjóðs. Þó getur aðalfundur hverju sinni veitt einstaka byggingasjóð/hússjóð sérstakt framlag ef staða hans er slæm eða um miklar fjárfestingar er að ræða.

c) Vaxtatekjur.

Tillaga að breytingu:

Tekjur sjóðsins eru:

a) Húsaleigutekjur.

b) Framlag félagssjóðs til Byggingasjóðs félagsins, sem aðalfundur ákveður hverju sinni.

c) Vaxtatekjur.

4. grein:

Er núna:

Stjórn Einingar-löju er jafnframt stjórn Byggingasjóðs og annast fjárreiður hans og daglegan rekstur, en ákvarðanir um sölu á eignum sjóðsins eða meiriháttar nýbyggingar skulu háðar samþykki félagsfundar.

Tillaga að breytingu:

Stjórn Einingar-löju er jafnframt stjórn Byggingasjóðs og ber ábyrgð á fjárreiðum hans, daglegum rekstri og tekur ákvarðanir um nýbyggingar, kaup og sölur eigna.

5. grein:

Er núna:

Laust fé sjóðsins skal að jafnaði ávaxtað í starfandi banka eða sparisjóði á Akureyri, en heimilt er að lána það um skemmri tíma til annarra verkefna á vegum félagsins, enda er þá félagssjóður ábyrgur fyrir endurgreiðslu, þegar byggingasjóður þarf á fé sínu að halda.

Tillaga að breytingu:

Laust fé sjóðsins skal að jafnaði ávaxtað í starfandi banka eða sparisjóði, en heimilt er að lána það um skemmri tíma til annarra verkefna á vegum félagsins, enda er þá félagssjóður ábyrgur fyrir endurgreiðslu, þegar byggingasjóður þarf á fé sínu að halda.

Fræðslusjóður Einingar-löju

4. grein:

Er núna:

Átta félagsmenn skipa stjórn sjóðsins, og skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Þess skal gætt við val á stjórnarmönnum að a.m.k. einn stjórnarmaður sé úr hverri starfsgreinadeild. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður félagsins kalli stjórnina saman til fyrsta fundar.

Tillaga að breytingu:

Sex félagsmenn skipa stjórn sjóðsins, og skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Þess skal gætt við val á stjórnarmönnum að a.m.k. einn stjórnarmaður sé úr hverri starfsgreinadeild. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður eða varaformaður félagsins kalli stjórnina saman til fyrsta fundar.

5. grein:

Er núna:

Stjórnin skipuleggur fræðslustarfsemi á vegum sjóðsins, t.d. fræðslufundi, námskeiðahald og útgáfu fræðslurita eða dreifingu fræðslurita frá öðrum. Hún getur einnig styrkt einstaka félagsmenn til náms í Félagsmálaskóla alþýðu eða til að sækja fræðslunámskeið um verkalýðsmál eða störf viðkomandi aðila, sem aðrir standa fyrir. Loks getur stjórnin veitt fé til ritunar á sögu félagsins eða einstökum þáttum hennar. Gjaldkeri félagsins, eða starfsmaður í umboði hans, annast vörslu sjóðsins og útborganir eftir fyrirmælum sjóðsstjórnar.

Tillaga að breytingu:

Stjórnin skipuleggur fræðslustarfsemi á vegum sjóðsins, t.d. fræðslufundi, námskeiðahald og útgáfu fræðslurita eða dreifingu fræðslurita frá öðrum. Hún getur einnig styrkt einstaka félagsmenn til náms í Félagsmálaskóla alþýðu eða til að sækja fræðslunámskeið um verkalýðsmál eða störf viðkomandi aðila, sem aðrir standa fyrir. Loks getur stjórnin veitt fé til ritunar á sögu félagsins eða einstökum þáttum hennar. Starfsmaður félagsins sem fer með fjármál þess, annast vörslu sjóðsins og útborganir eftir fyrirmælum sjóðsstjórnar.

6. grein:

Er núna:

Verði ágreiningur um fjárveitingar úr sjóðnum, getur hver einstakur stjórnarmaður vísað málinu til félagsstjórnar, sem þá fellir endanlegan úrskurð.

Tillaga að breytingu:

Verði ágreiningur um fjárveitingar úr sjóðnum, getur hver einstakur stjórnarmaður vísað málinu til stjórnar félagsins, sem þá fellir endanlegan úrskurð.

7. grein:

Er núna:

Laust fé fræðslusjóðs skal að jafnaði ávaxtað í starfandi banka eða sparisjóði á félagssvæði Einingar -löju en heimilt er að lána það um skemmri tíma til annarra verkefna á vegum félagsins, enda komi þá til samþykktar félagsstjórnar og félagssjóður þá ábyrgur fyrir endurgreiðslu, þegar fræðslusjóður þarf á fé sínu að halda.

Tillaga að breytingu:

Laust fé fræðslusjóðs skal að jafnaði ávaxtað í starfandi banka eða sparisjóði en heimilt er að lána það um skemmri tíma til annarra verkefna á vegum félagsins, enda komi þá til samþykktar stjórnar félagsins og félagssjóður þá ábyrgur fyrir endurgreiðslu, þegar fræðslusjóður þarf á fé sínu að halda.

Orlofssjóður Einingar-löju

4. grein:

Er núna:

Stjórn Einingar-löju er jafnframt stjórn Orlofssjóðs og annast fjárreiður hans. Stjórnin tekur ákvarðanir um kaup og sölu eigna sem og fjárveitingar til einstakra verkefna. Ferðanefnd annast undirbúning og skipulagningu einstakra orlofsferða. Aðalfundur ár hvert kys fjóra félagsmenn í nefndina, og skulu þeir ekki eiga sæti í stjórn félagsins, en auk þeirra á formaður, og í forföllum hans varaformaður, sæti í nefndinni.

Tillaga að breytingu:

Stjórn Einingar-löju er jafnframt stjórn Orlofssjóðs og ber ábyrgð á fjárreiðum hans. Stjórnin tekur ákvarðanir um kaup og sölu eigna sem og fjárveitingar til einstakra verkefna. Ferðanefnd annast undirbúning og skipulagningu einstakra orlofsferða. Aðalfundur ár hvert kys fjóra félagsmenn í nefndina, og skulu þeir ekki eiga sæti í stjórn félagsins, en auk þeirra á formaður, og í forföllum hans varaformaður, sæti í nefndinni.

5. grein:

Er núna:

Laust fé orlofssjóðs skal að jafnaði ávaxtað í starfandi banka eða sparisjóði á félagssvæði Einingar-löju, en heimilt er að lána það um skemmri tíma til annarra verkefna á vegum félagsins, enda er þá félagssjóður ábyrgur fyrir endurgreiðslu, þegar orlofssjóður þarf á fé sínu að halda.

Tillaga að breytingu:

Laust fé orlofssjóðs skal að jafnaði ávaxtað í starfandi banka eða sparisjóði, en heimilt er að lána það um skemmri tíma til annarra verkefna á vegum félagsins, enda er þá félagssjóður ábyrgur fyrir endurgreiðslu, þegar orlofssjóður þarf á fé sínu að halda.

Reglugerð um starfsgreinadeildir

3. grein

Er núna:

Starfsgreinadeildirnar skulu eiga fulltrúa í stjórn félagsins eins og nánar er kveðið á um í 14. gr. og 23. gr. laga félagsins.

Tillaga að breytingu:

Starfsgreinadeildirnar skulu eiga fulltrúa í stjórn félagsins eins og nánar er kveðið á um í 13. gr. og 22. gr. laga félagsins.

6. grein

Er núna:

Formaður starfsgreinadeildar kveður til stjórnarfunda í viðkomandi deild og stjórnar þeim. Hann metur hvenær þörf sé á að halda fund en auk þess er honum skylt að boða stjórn deildarinnar til fundar, ef a.m.k. þrír stjórnarmenn óska eftir því og tilgreina fundarefni. Skal fundargerð lögð fram til samþykktar í byrjun næsta fundar á eftir.

Tillaga að breytingu:

Formaður starfsgreinadeildar kveður til stjórnarfunda í viðkomandi deild og stjórnar þeim. Hann metur hvenær þörf sé á að halda fund en auk þess er honum skylt að boða stjórn deildarinnar til fundar, ef a.m.k. þrír stjórnarmenn óska eftir því og tilgreina fundarefni. Skal fundargerð lögð fram til samþykktar.

7. grein

Er núna:

Almennir fundir í starfsgreinadeildum skulu haldnir þegar stjórnin álitur þess þörf eða minnst 10 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega, enda sé fundarefni tilgreint af þeim er kröfuna gera.

Tillaga að breytingu:

Almennir fundir í starfsgreinadeildum skulu haldnir þegar stjórn deildarinnar álitur þess þörf eða minnst 10 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega, enda sé fundarefni tilgreint af þeim er kröfuna gera.

8. grein

Er núna:

Félagið kostar starfsemi starfsgreinadeilda eftir nánari ákvörðun félagsstjórnar og skulu þær hafa aðstöðu í húsnæði félagsins. Þar skulu og öll gögn þeirra varðveitt.

Tillaga að breytingu:

Félagið kostar starfsemi starfsgreinadeilda eftir nánari ákvörðun stjórnar félagsins og skulu þær hafa aðstöðu í húsnæði félagsins. Þar skulu og öll gögn þeirra varðveitt.

Reglugerð um svæðisfulltrúa

7. grein

Er núna:

Kostnaður af starfsemi svæðisfulltrúa greiðist úr félagssjóði, en allar fjárskuldbindingar verða, áður en til þeirra er stofnað, að hljóta samþykki félagsstjórnar.

Tillaga að breytingu:

Kostnaður af starfsemi svæðisfulltrúa greiðist úr félagssjóði, en allar fjárskuldbindingar verða, áður en til þeirra er stofnað, að hljóta samþykki stjórnar félagsins.

9. grein

Er núna:

Félagsstjórn getur falið svæðisfulltrúa að vinna ákveðin verkefni í sínu umboði.

Tillaga að breytingu:

Stjórn félagsins getur falið svæðisfulltrúa að vinna ákveðin verkefni í sínu umboði.

Vinnudeilusjóður Einingar-Iðju

4. grein:

Er núna:

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, kosnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnmargir skulu kosnir til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður félagsins kalli stjórnina saman til fyrsta fundar.

Tillaga að breytingu:

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum, kosnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnmargir skulu kosnir til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður félagsins kalli stjórnina saman til fyrsta fundar.

5. grein:

Er núna:

Stjórnin ákveður styrkveitingar úr sjóðnum. Styrki samkvæmt c-lið 2. greinar má þó því aðeins greiða út, að einnig liggja fyrir samþykki félagsstjórnar. Stjórnin skal halda gerðabók yfir fundi sína, styrkbeiðnir og styrkveitingar. Stjórnin úrskurðar einnig um aðrar greiðslur úr sjóðnum. Gjaldkeri félagsins, eða starfsmaður í umboði hans, annast vörslu sjóðsins og útborganir eftir fyrirmælum sjóðsstjórnar.

Tillaga að breytingu:

Stjórnin ákveður styrkveitingar úr sjóðnum. Styrki samkvæmt c-lið 2. greinar má þó því aðeins greiða út, að einnig liggja fyrir samþykki stjórnar félagsins. Stjórnin skal halda gerðabók yfir fundi sína, styrkbeiðnir og styrkveitingar. Stjórnin úrskurðar einnig um aðrar greiðslur úr sjóðnum. Starfsmaður félagsins sem fer með fjármál þess, annast vörslu sjóðsins og útborganir eftir fyrirmælum sjóðsstjórnar.

6. grein:

Er núna:

Sjóðurinn skal ávaxtaður í starfandi bönkum eða sparisjóðum á félagssvæði Einingar-Iðju.

Tillaga að breytingu:

Sjóðurinn skal ávaxtaður í starfandi bönkum eða sparisjóðum.

8. grein:

Er núna:

Verði ágreiningur um úthlutun úr sjóðnum, getur hver einstakur stjórnarmaður vísað málinu til félagsstjórnar, sem þá fellir endanlegan úrskurð.

Tillaga að breytingu:

Verði ágreiningur um úthlutun úr sjóðnum, getur hver einstakur stjórnarmaður vísað málinu til stjórnar félagsins, sem þá fellir endanlegan úrskurð.